

BMF-2017-25 Þvottaveldið, tækjakaup

Þvottaveldið sækir um styrk til nýrra tækjakaupa, þar sem þær þvottavélar og þurrkarar sem í fyrirtækinu eru reyndust ekki ná þeim afköstum sem ætlað var. Því þarf að kaupa öflugri vélar svo afköst verði meiri. Þvottaveldið er fyrirtæki í samkeppnisrekstri á markaðssvæðinu og því er ekki unnt að veita styrki til tækjakaupa, enda segir í úthlutunarreglum að því einungis megi veita styrki til stofnfjárfestingar og að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Því er ekki hægt að fallast á umsókn um styrk til tækjakaupa, en veittur er styrkur vegna vinnu iðnaðarmanna við uppsetningu nýrra tækja.

Verkefninu var úthlutað 400.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.